



Landsamtökin

Proskahjálpi

Mannréttindi fyrir alla!

**Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)**

Nokkur mikilvæg atriði m.t.t. mannréttinda og laga

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri proskahjálpar.

Tengsl samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Ákvæði um NPA eru í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í 1. gr. laganna segir:

- „Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“
- Samhljóða ákvæði tekið í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Samkvæmt íslenskum rétti á að skýra íslensk lög til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

Stjórnvöld og mannréttindi fatlaðs fólks.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt með því alla þá sem fara með opinvert vald og stjórnsýslu á Íslandi, þ.e. hjá **ríki og sveitarfélögum**, til að framfylgja öllum ákvæðum þessa mikilvæga mannréttindasamnings og tryggja að fatlað fólk á Íslandi njóti allra þeirra mannréttinda sem samningurinn mælir fyrir um, burtséð frá því hvar það býr á landinu.



MEGINREGLUR SAMNINGS SP.

- Ríki skulu banna og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar. – Víðeigandi aðlögun.
- Full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar. – Útrýming stofnana.
- Aðgengi að samfélaginu. – Mannvirkjum, upplýsingum, þjónustu.
- Ráða líf sínu. – Lögformlegt hæfi (rétt hæfi og gerhæfi) – Stuðningur til að taka ákvarðanir í stað þess að ákvarðanir séu teknar fyrir fólk.
- Sjálfstætt og eðlilegt líf til jafns við aðra.

Rétturinn til sjálfstæðs lífs.- 19. gr. samnings SP

- Fatlað fólk ræður hvar og með hverjum það býr.
- Fatlað fólk á rétt á þjónustu þar sem það kys að búa og er óheimilt að binda þá þjónustu skilyrðum um að fólk búi á tilteknum stöðum eða stofnunum.
- Skylt er að hafa samráð við fatlað fólk með þegar réttinum til að lifa sjálfstæðu lífi er framfylgt.
- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)**. – Mjög góð leið til að stuðla að þessum réttindum og tækifærum fatlaðs fólks.

Lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. - NPA

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) tekin í íslensk lög.

11. gr.:

Einstaklingur á rétt á notendastýrri persónulegri aðstoð hafi mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilshald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.

Aðstoðin skal vera skipulagð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fátúlnar sinnar skal hann eiga rétt á aðstoð við hana.

...

Ráðherra gefur út reglugerð og handbók um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, m.a. um hlutverk og ábyrgð, skipulag og útfærslu, þ.m.t. viðmið um umfang þjónustu og lágmarksstuðningsþarfir, eftirlit og kostnaðarhlutadeild aðila í samráði við sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd aðstoðarinnar og skulu setja nánari reglur þar um í samráði við notendaráð fatlaðs fólks eða samtök fatlaðs fólks.

Lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. - NPA

Ákvæði I til bráðabirgða:

Til þess að auka val fatlaðs fólks um þjónustu og fyrirkomulag stuðnings skulu sveitarfélög vinna að innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar í samræmi við 11. gr. á tímabilinu 2018–2022.

Á innleiðingartímabilinu veitir ríkissjóður framlag til eftirfarandi fjölda samninga um notendastýrða persónulega aðstoð sem skal ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tiltekinni hlutdeild af fjárhæð samninga, á grundvelli umsóknar frá sveitarfélögum:

Á árinu 2018 vegna allra 80 samninga.

Á árinu 2019 vegna allra 103 samninga.

Á árinu 2020 vegna allra 125 samninga.

Á árinu 2021 vegna allra 150 samninga.

Á árinu 2022 vegna allra 172 samninga.

Ákvæði þetta og fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar auk þeirra álitaefta sem upp koma við framkvæmd laga þessara á tímabilinu skal endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku þeirra í ljósi fjenginnar reynslu.

Þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir við gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

- Takmarkaður fjöldi samninga. – Aukin hættu á mismunum á grundvelli fátúlnar og eftir búsætu.

Reglugerð ráðuneytis nr. og reglur sveitarfélaga um NPA

Samræmast lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. - 1. gr. laga nr. 38/2018:

„Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“

- Bann við mismunum á grundvelli fátúlnar. – Jafn aðgangur að NPA burtséð frá eðli fátúlnar. (5. gr. samnings SP)

- Skylda stjórnvalda / þjónustuaðila til viðeigandi aðlögunar. (5. gr. samnings SP)

- Skylda stjórnvalda / þjónustuaðila til að veita fátúðu fólki þann stuðning sem það þarf til að gera samning um NPA og til upplýsla skilyrði sem fylgja þeim.

12. gr. samnings SP:

„Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerðæfi sitt.“

Fátúð börn eiga rétt á NPA. – Reglugerð ráðuneytis og reglur sveitarfélaga mega ekki útiloka börn frá NPA. Álit velferðarnefndar Alþingis um frumvarpið sem varð að lögum nr. 38/2018: „Nefndin áréttar að ákvæði frumvarpsins varðandi NPA-samninga og rétt til þeirra ná til barna undir 18 ára aldri, til jafns við aðra.“

Aðstoðarverkstjórnandi

- Fatlað fólk á að hafa frelsi til að ráða eigin lífi og stýra aðstoð sinni sjálf, óháð eðli fötlunar sinnar.
- Ekki er hægt að útloka fatlað fólk sem þarf aðstoð við að stýra NPA, enda fjallar samningur Sameinuðu þjóðanna um að óheimilt sé að mismuna fólk eftir því hver fötlun þess er og að skyld sé að veita fötluðu fólk stuðning þegar það nýtir gerhæfi sitt.
- Fatlað fólk getur, t.d. vegna fötlunar, veikinda eða aldurs, þurft á aðstoðarverkstjórnanda að halda.
- Aðstoðarverkstjórnandi er ekki yfirmaður aðstoðarfólksins heldur er notandinn alltaf við stjórnvölinn en aðstoðarverkstjórnandinn styður NPA notandann við að sinna hlutverki sínu sem verkstjórnandi.
- Hlutverk aðstoðarverkstjórnanda er að styðja við notandann í utanumhaldi og að tryggja að vilji notandans sé í forgrunni í þjónustuveitingu.
- Aðstoðarverkstjórnandi getur verið fjölskyldumeðlimur, vinur eða einhver sem unnið hefur með notandanum. Nauðsynlegt er að aðstoðarverkstjórnandi þekki notandann vel, geti túlkað vilja hans og vilji tryggja velferð og sjálfstæði hans.

32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk – Frumkvæðisskylda sveitarfélaga.

Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að því að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera því grein fyrir rétti sínum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Sveitarfélög ska kynna umsækjanda þá þjónustu sem hann á rétt á og leiðbeina um réttarstöðu hans, m.a. ef hann á rétt á annarri þjónustu í stað þeirrar sem sótt er um eða til viðbótar henni.

- Skylda til leiðbeina fötluðu fólk um rétt þess til NPA og aðstoða það eftir þörfum við að sækja um hana.



Mannréttindi fyrir alla!
